

Fundargerð Þjóðgarðsráðs Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

Sjötti fundur haldin 10. mars 2023 kl. 10-11:00 í fjarfundi

Mættir: Kristinn Jónasson (formaður), Magnús Aðalsteinn Sigurðsson (Minjavörður), Inga Dóra Hrólfsdóttir (sviðsstjóri), Anna Hallgrímsdóttir (Náttúruverndarsamtök) Þórður Runólfsson (ferðaþjónusta) og Iðunn Bragadóttir (Samút), Hákon Ásgeirsson og Þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð

Opnun þjóðgarðsmiðstöðvarinn 24. mars 2023

Hákon sagði frá dagskrá opunar, gert ráð fyrir allt að 200 mans mæti.

Staða verkefna ársins

- Framkvæmdir við Djúpalón. Undirbúningur með verktaka að hefja vinnu við bílastæði í vor.
- Starfsmannamál/ráðningar/húsnæðismál starfsmanna. – Það verða 7 starfsmenn í fullu starfi frá og með vorinu. Í sumar verða 4-5 sumarlandverði. Húsnæði Gufuskálum í skoðun að FSRE kaupi það og leigi Umhverfisstofnun. Ljóst er að nauðsyn er að íbúðarhúsnæði sé til staðar fyrir tímabundið ráðna landverði. Húsnæðið á Malarrífi hefur FSRE dæmt ónýtt. Spurning er vegna sögu Malarrífs að þjóðgarðurinn vilji viðhalda þessari sögu á svæðinu, að húsið er hluti af samfelldri byggð á svæðinu. Gera þarf minnisblað um Malarrif og þarfagreiningu á húsnæði fyrir landverði.

Merkingar við þjóðveginn fyrir þjóðgarðsmiðstöðina

- Skilti við veginn, Hákon hefur samband við Vegagerðina sem fer með skilti við þjóðvegi

Nýtt merki þjóðgarðsins lagt fram

- Fulltrúar þjóðgarðsráðs lýsa yfir mikilli ánægju með nýtt lógó þjóðgarðsins, lit og breytingu á nafni sem er framvegis Snæfellsjökulþjóðgarður. Það var samþykkt samhljóma.

Önnur mál

Á næsta staðarfundi að hver og einn komi með sín sýn á starfsemi þjóðgarðsráðs. Förum í svót greiningu sem Inga Dóra mun stýra. Næsti fundur 24. Mars.

Fundi slitið kl. 10:50